**Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga** **355. fundur**
**26. mars 2020**

# Fundargerð

Miðvikudaginn 26. mars 2020 kl. 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.
Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson og starfsmaður nefndarinnar Eiríkur Benónýsson sem ritar fundargerð. Sigurður Ármann Snævarr áheyrnarfulltrúi boðaði forföll.

1. **Samþykkt fundargerðar síðasta fundar**
   Fundargerð fundar nr. 354 samþykkt.

2. **Fundargögn**
   Afrit fundargagna eru rafrænt vistuð í skjalakerfi SRN.




3. **Yfirlit verkefna**
   Lagt fyrir yfirlit um verkefni nefndarinnar. Þar er helst að nefna eftirfylgni vegna fjárfestinga 2019 og upplýsingaöflun vegna fjárhagsáætlana.

4. **Ársskýrsla EFS**
   Lögð fyrir drög að ársskýrslu nefndarinnar vegna ársreikninga 2018. Skýrslan samþykkt, ÞÓ og EB falið að ganga frá skýrslunni.

5. **Starfsáætlun 2020**
   Framhaldsumræða á næsta fundi.

6. **Seltjarnarnesbær**
   Lögð fyrir skýrsla ráðgjafa vegna úttektar á fjármálum sveitarfélagsins. Niðurstaða að ekki sé þörf á sérstökum viðbrögðum öðrum en að fylgjast áfram með þróun fjármálanna.

7. **Fjármálakafli sveitarstjórnarlaga**
Umræðu frestað til næsta fundar.

8. **Bréf til sveitarfélaga**
Lögð fyrir svör frá sveitarfélögum og umræður um einstaka efnisatriði. ÞÓ og EB falið að rita svarbréf.
Reykjavíkurborg
Árborg
Akureyri
Ísafjörður
Strandabyggð
Eyja- og Miklaholtshreppur
Reykhólahreppur
Blönduósbær
Snæfellsbær

9. **Efnahagsleg áhrif Covid á fjármál sveitarfélaga**
Ljóst er að áhrif Covid-19 munu ná til fjármála sveitarfélaga. Á þessari stundu eru áhrifin óljós en nefndin er meðvituð um neikvæða þróun fjármála sveitarfélaga á árinu 2020. Nefndin fylgist náið með þróun mála á næstu vikum og metur aðstæður.

Fundi lauk kl. 12:00